

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 158/1998 um varnir
gegn útbreiðslu á smitandi hitasótt í hrossum.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, sem verður g-liður, svohljóðandi:
Svæði 7. Rangárvallasýsla, austan Markarfljóts og Mýrdalshreppur.

Núverandi stafliður g, verður h-liður, breytist og verður svohljóðandi:
Svæði 8. Aðrir kaupstaðir og landshlutar en taldir eru upp í stafliðum a-g.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. mars 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 169

11. mars 1998

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hveragerði 1998.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Hveragerði, sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar nr. 293/1988 um hundahald í umdæmi Hveragerðisbæjar, skal vera kr. 8.100 á árinu 1998.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið þó eigi síðar en á eindaga sem er 1. júní 1998.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald ásamt ábyrgðartryggingu.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 4. og 6. gr. samþykktar nr. 293/1988 skal vera kr. 4.000.

3. gr.

Framangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að gilda árið 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 11. mars 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.